

Heiti blaðs: Viðartegundir Risalífviður - Sedrusviður

1.0 ALMENNT

Blað þetta er röð blaða sem fjalla um ýmsar viðartegundir. Blöðum þessum er ætlað að upplýsa timburnotendur um eiginleika og einkenni timburs. Fjallað er um helstu viðartegundir af mjúkvíði (barrtré) og harðvíði (lauftré) sem notaðar eru til vinnslu hér á landi. Sumum viðartegundum eru gerð betri skil en öðrum og fer það eftir mikilvægi efnisins í notkun hér á landi.

2.0 HEITI

Risalífviður - Sedrusviður

Thuja plicata D. Don

Enska *Western red cedar*

Þýska *Riesenthuja,
Riesenlebensbaum*

Franska *Thuja de Lobb*

Danska *Thuja*

3.0 HEIMKYNNI

Sedrusviður vex blandaður innan um aðrar trjategundir eins og til dæmis sitkagreni, Oegon pine og fagurgreni á mjórri ræmu meðfram Kyrrahafsströndinni frá Norður-Kaliforníu til Alaska. Svæðið teygir sig í austur til British Columbia, Norður-Washington, Idaho og Montana. Sedrusviðurinn er á vissan hátt vanmetinn í heimalandi sínu en það er vegna þess að styrkleikinn er lítill, en viðurinn hefur marga aðra kosti þannig að hann ætti að vera í meiri metum. Hingað til lands kom viðurinn 1952 og var plantað á Hallormsstað en þreifst þar illa. Til Danmerkur kom hann 1853 og það var ekki fyrr en 1880 að hann varð þar að skógartré. Með víxlræktun í Danmörku hafa komið fram 15 - 20 kvæmi, sem spjara sig vel, en eru sniðgengin af




Mynd 1. Sedrusviður frá N-Ameríku

handverksmönnum og iðnaðinum vegna óreglulegrar grisjunar og skógarhöggs. Sedrusviði hefur verið plantað í Bretlandi og náð þar góðum vexti, og einnig hefur honum verið plantað í einhverjum mæli á Nýja-Sjálandi.

4.0 VÖXTUR

Í Norður-Ameríku getur tréð orðið 60 metrar á hæð og 5 til 6 metrar í þvermál, en þá er það orðið meira en þúsund ára gamalt. Sem dæmi vex tréð í Danmörku eins og rauðgreni eða ef til vill aðeins meira. Það sem er dæmigert við risalífviðinn er að hann vex upp keilulaga og hefur rótarskot sem teygja sig langt upp eftir bolnum. Öðruvísi en önnur barrtré mynda greinarnar ekki krans þannig að til verða kvisthópar eftir hvert ár. Þegar bolurinn er sagaður dreifast kvistirnir jafnt um viðinn í lengdarstefnu efnisins. Langar mjóar greinar viðarins sitja lengi á bolnum eftir að þær eru dauðar og skilja því eftir dauða hringlaga kvisti.



Mynd 2. Sedrusviður

5.0 VIÐURINN

Rysjan er lítil og strágul á litinn. Kjarnaviðurinn er mjög mislitur, ljósbrúnn, dökkbrúnn og laxableikur, léttur og beinvaxinn. Þegar búið er að þurrka viðinn er ljósbrúni til súkkulaðibrúni listurinn mest áberandi. Þegar viðurinn veðrast verður hann silfurgrár á yfirborðinu.

Í sedrusviðnum eru engin trjákvöðugöng en í staðinn er mikið magn af sveppadrepani efnum að formi til eins og til dæmis fenol og thujaplicin. Þessi eitruðu efni má bera saman við zinkklorid og pentaklorfenol, sem er góð vörn gegn sveppum.

6.0 RÚMÞYNGD OG STYRKUR

Styrkur sedrusviðar er þó nokkuð lægri en styrkur rauðgrenis og skógarfuru. Er það í samræmi við það að rúmþyngd sedrusviðar er 340 kg/m^3 og þar með ca. 30% lægra en hjá skógarfuru þar sem meðalgildi rúmþyngdar er 490 kg/m^3 . Af timburrúmmáli sedrusviðar er ca. 25% fast efni, afgangurinn er loft, en borið saman við furu þá er ca. 33% af timburrúmmálinu fast efni. Hið keilulaga form á stofninum þegar hann vex til dæmis í Danmörku og í Bretlandi verður til þess að trefjastefnan í söguðu efni liggur á ská.



Mynd 3 sýnir utanhússklæðningu sem er í skjóli fyrir veðrun annars vegar og ekki í skjóli hins vegar og þar má sjá hvernig silfurgrái liturinn kemur fram við veðrunina.

7.0 RÝRNUN

Rúmmálsrýrnun hjá sedrusviði frá trefjamettunarmörkum þar til hann er 0% þurr er 7%, sem er ca. helmingur af því sem rauðgreni og fura rýrna. Þessi lága rúmmálsrýrnun hefur þau áhrif að efnið breytist tiltölulega lítið við árstíðabundnar breytingar á loftraka. Eftir að búið er að þurrka efnið hefur það litla tilhneigingu til að verpast eða springa. Það er til þess að gera auðvelt að þurrka þunnt efni, en oft getur það verið erfitt að þurrka þykkt efni og hefur efnið þá tilhneigingu að halda í vatnið sem getur leitt til þess að viðarfrumur falli saman að lokum.



Mynd 4. Sedrusviður sem er notaður sem utanhússklæðning en borið hefur verið á hann til að verjast veðrun.

8.0 ENDING

Rysju sedrusviðar er hægt að gagnverja en eins og annan kjarnavið í barrtjám eins og til dæmis í furu er ekki hægt að gagnverja hann. Kjarnaviðurinn hefur mikla náttúrulega mótstöðu gegn sveppum. Þessir eiginleikar gera það að verkum að hann er talinn góður á rökum stöðum.



Mynd 5 sýnir sedrusvið sem vaxið hefur í Danmörku.

9.0 VINNSLA

Það er auðvelt að vélavinna sedrusviðinn og hefur vinnslan lítil áhrif á bitjárnin. Forsenda fyrir sléttu yfirborði er að notuð

séu beitt járn vegna þess hve efnið er mjúkt því annars pressast það undan járninu og yfirborðið verður loðið, einkum ef raki kemur nálægt því. Við heflun þarf einnig að hafa í huga að framdrif og framdrifsvalsar geta auðveldlega marið viðinn vegna þess hvað vorviðurinn getur verið sérstaklega mjúkur. Það er ágætt að negla eða skrúfa í viðinn en nauðsynlegt er að nota heitgalvaniseraða- eða kopar- eða stálnagla eða skrúfur því annars tærist járníð. Timbur sem vex í Evrópu og er hraðvaxið og af smærri stofnum er oft með dreifða smákvisti sem oft geta valdið vandræðum í vinnslu. Sum af þessum kvæmum geta verið hraðvaxin og þar af leiðandi mjög mjúk í vinnslu.



Mynd 6. Einbýlishús klætt með sedrusviði

10.0 NOTKUN

Sedrusviður hefur ekki verið mikið notaður hér á landi eða í Evrópu fram til þessa. Þó má segja að hér á landi hafi hann fengið aukna athygli sem utanhússklæðning en það hefur verið hans sterka hlið vegna innbyggðra eiginleika hans til að verjast sveppum. Má í því sambandi nefna það að sedrusviðurinn hefur verið notaður um aldir í þakskífur. Í dag er viðurinn í auknum mæli valinn í garðhúsgögn og girðingar. Vegna þess hvað viðurinn er seigur og léttur hefur hann verið valinn í möstur á seglskútum. Í Bandaríkjunum er það þekkt að nota risalífvið í burðargrindur sem þurfa að vera léttar eins og til dæmis gróðurhús og þar gildir einnig reglan að

nota timbur sem hefur góða mótstöðu gegn sveppum.



Mynd 7 bílskúrshurð og veggir klæddir með sedrusviði

Ýmislegt úr viðarfræði - 2. útgáfa - Haraldur Ágústsson.

Rétt notkun á timbri - 2. útgáfa - Eiríkur Þorsteinsson.

Tré og runnar - Ásgeir Svanbergsson.

Naturhistoriska riksmuseet - Svíþjóð.

Træ-bogen - Villy E. Risör.

11.0 ANNAÐ

Það eru sex tegundir af sedrusviði (*Thuja plicata*) sem hafa náttúrulega útbreiðslu í Norður-Ameríku, Japan og Koreu.

Í viðskiptum á ensku hefur það tíðkast að kalla risalífvið sedrusvið (cedar) og þaðan hefur heitið borist í íslenskuna. Hinir sönnu sedrusviðir eru hins vegar Atlantic (Atlas) Cedar (*Cedrus atlantica*), cedar of Lebanon (*Cedrus libani*) og deodar (*Cedrus deodara*). Trúlega hefur þessi nafngift orðið til vegna ilmsins sem er líkur hjá þessum tegundum.

Hér hefur verið haldið í hefðina að kalla risalífvið sedrusvið en þó ber að varast að blanda honum við aðra sedrusviði í viðskiptum vegna nafnsins.

12.0 HEIMILDIR

52 Træarter, Træindustriens træarter, 1.útg., 2. prentun 1998.

Timbers of the World - Trada red booklet.

Viðarfræði - Björn H. Jónsson.

A handbook of softwoods - Ministry of Technology.